



Fundurinn haldinn á Hvanneyri mánudaginn 9. desember klukkan 18:30

Mættir: Bragi Þór Svavarsson, Bjarni Þór Traustason, Sigríður Bjarnadóttir, Guðrún Þórðardóttir, Raket Guðjónsdóttir, Eyjólfur Kristinn Örnólfsson og Sigurður Guðmundsson starfsmaður.

1. Sambandsstjóri setur fundinn

Bragi setti fund

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

3. Íþróttamaður Borgarfjarðar

Farið var yfir kjör íþróttamanns ársins sem verður haldið 5. janúar í Hjálmakletti. Rætt var um kjörið og hvernig kosið er í það. Í litlu samfélagi geta komið upp fjölskyldutengsl sem fara þarf yfir hvernig á að leysa. Brýna þarf fyrir félögum að texti um íþróttamennina sé vandaður.

Í reglugerð um kjörið kemur fram að til að sá sem er tilnefndur þarf að ná 14 ára aldri. Hjá mörgum félögum er miðað við 16 ár. Því var ákveðið að fara yfir reglugerðina og skoða ákveðna þætti í henni og leggja fyrir sambandsþing árið 2020.

Ákveðið hefur verið að UMSB mun sjá alfarið um kjörið í ár veitingar og annað sem til þarf.

UMSB hefur séð um úthlutun á Maraþonbikar sem Bjarni Bjarnason gaf á sínum tíma. Ekki hafa fundist reglugerð ef hún finnst ekki þá þarf að gera reglur. Einnig var rætt að hvort aðrir en UMSB eigi að afhenta hann t.d. Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar.

4. Samningar við Hvalfjarðarsveit

Ekki er samningur á milli Hvalfjarðarsveitar og UMSB. Mikilvægt er að ná að gera samning við sveitafélagið því samningar þurfa að vera við öll sveitafélög innan UMSB svo hægt sé að gera fyrirmyndar héraðsamband. Framkvæmdastjóri UMSB á fund með Hvalfjarðarsveit 11. desember vonandi nást samningar sem fyrst.

5. Fjármál félaga og deilda

Farið var yfir þá fjármuni sem félög og deildir eru að fá í gegnum UMSB. UMSB útdeilir styrkjum til aðildarfélaga UMSB sem koma frá Borgarbyggð.

Aðildarfélög og deildir þurfa að skila til UMSB fyrir 15. apríl skýrslu og ársreikningum. Ákveðið var að auk þess að skila inn þessum gögnum þá kynna félög niðurstöður fyrir stjórn UMSB þegar búið er að skila inn skýslu. Með því er hægt að átta sig betur á starfi félaga og deilda.

6. Ferðastyrkur til einstaklinga og hópa

UMSB er að útdeila ferðastyrkjum tvisvar á ári. Ákveðið var að fara betur yfir reglugerð sem fylgir með styrknum. Skýra þarf betur hverjir eiga kost á styrk og hvað þarf til að það sé hægt.

7. Fyrirmyndahéraðssamband

Verið er að leggja lokahönd á að gera UMSB að fyrirmyndarhéraði. Viðræður eru við Hvalfjarðarsveit um samning á milli sveitafélagsins og UMSB. Samningur þarf að vera á milli aðila til að hægt sé að fá viðurkenninguna. Samningur er við Skorradal og Borgarbyggð.

8. Samþykktir frá Sambandsþingi UMFÍ

Sambandsþing UMFÍ var í haust. Farið var yfir helstu samþykktir frá þinginu og stjórn upplýst um þær.

9. Samþykktir á sambandsþingi UMSB

Farið var yfir samþykktir frá sambandsþingi UMSB 2019. Allar samþykktir eru í farvegi eða lokið nema vinnuhópur um íþróttahátíð hefur ekki tekið til starfa. Hópurinn verður kallaður saman sem fyrst.

Fundagerð ritaði
Sigurður Guðmundsson